154 25. septbr. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* að leggja niður prestakall og 2 kirkjur — Eptir að ráðgjafinn hafði, í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 2. f. m., lútandi að því, er í ráði hefir verið um að leggja niður Breiðuvíkurþinga prestakall í Snæfellsnessýslu, fengið samþykki H. A. Clausens, etazráðs, að skildögum þeim, er umboðsmaður hans á Íslandi hafði gengið að, fyrir því að hann tæki að sjer kirkjuna í Knararsókn í nefndu prestakalli, hefir konungur allramildilegast hinn 18. þ. m. fallizt á allraþegnlegastar tillögur ráðgjafans um að Breiðuvíkurþinga prestakall í Snæfellsnessýslu og vesturumdœmi Íslands leggist niður þannig:

að Knararkirkja sje lögð niður og Knararsókn lögð til Búðasóknar, sem lýtur undir Staðastað, gegn því að presturinn á Staðastað njóti prestsmötunnar af jörðinni Knör með 80 pnd. smjörs árlega, og verður að setja honum veð fyrir gjaldi þessu í nefndri jörð, svo njóti hann og preststekjanna af Knararsókn og loksins arðs af ljensjörðinni Litla-Kambi með tilheyrandi kúgildum og reka til helminga móts við prestinn í Nesþingum.

að *ornamenta* og *instrumenta* Knararkirkju sem og kirkjan sjálf og rekaítök hennar leggist til Búðakirkju,

að messað sje í Búðakirkju þriðja hvern helgan dag sumar og vetur,

að Einarslónskirkja sje lögð niður, og bœirnir í Beruvík, ásamt Hólahólum og Litla-Lóni leggist til Ingjaldshóls sóknar í Nesþinga prestakalli, en bœirnir Einarslón, Malarrif, Miðvellir og Dagverðará til Laugarbrekku sóknar, og er þar með prestinum í Nesþingum gjört að skyldu, að þjóna þessari sókn og embætta þar 4. hvern helgan dag á sumrum og 5. hvern á vetrum, gegn því að hann njóti prestsmötunnar af Einarslóni og Laugarbrekku, prestsgjaldanna af sóknum þessum, og arðsins af ljensjörðinni Litla-Kambi með tilheyrandi kúgildum og reka til helminga móts við prestinn á Staðastað.

Þetta læt jeg hjer með tjáð yður herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, jafnframt því að jeg enn fremur læt þess getið, að ekki hefir þótt ástœða til að fallast á beiðni sira Sveins prófasts Níelssonar um að honum verði útvegað endurgjald úr landssjóði fyrir það, þótt hann láti af hendi reka þann, sem hingað til hefir heyrt til hinni fyr áminnstu Knararkirkju.

155 14. nóvbr. **Auglýsing.**

Vitinn á Reykjanesi, útsuðurhorni landsins, kemst í fullt gagn 1. desember nœstkomanda og frá sama degi öðlast lög um vitagjald af skipum 12. apríl þ. á. gildi. Loga mun á vitanum frá 1. ágúst til 15. maí ár hvert, og verður hann með fullri birtu frá 60 mínútum eptir sólarlag, til 45 mínútum fyrir sólaruppkomu. Á tímabilinu frá 16. maí til 31. júlí ár hvert logar ekki á vitanum. Vitagjald á að greiða samkvæmt nefndum lögum af hverju skipi að undansskildum herskipum og skemtiskútum, er hafna sig einhverstaðar á vesturströndum landsins milli Reykjaness og Horns á Hornströndum.

Vitaljósið er hvítt spegilljós af 3. röð með 15 parabólskum látúnsspeglum, byrgt hjer um bil 45 stig gegn landi.

Hæð ljóssins yfir sjáfarflöt 175 fet.

Sjest í 19 kvartmílna fjarlægð.

Afstaða: 63° 48′ 10″ norðlægrar breiddar, 22° 41′ 20″ lengdar fyrir vestan Greenwick.

Þetta er hjer með birt almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. nóvbr. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.